

✉ Re: Ósk eftir umsögnum, Galdramýri L223808, deiliskipulag - 2208076

Búið til	5.12.2022 13:10:30
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	5.12.2022 13:10:29
Tilheyrir	📁 202210-0036 - Aðalskipulagsbreytingar fyrir Hólakot, landbúnaðarsvæði í frístundasvæði.

Efni

Re: Ósk eftir umsögnum, Galdramýri L223808, deiliskipulag - 2208076

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	5.12.2022 13:10:29	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	ellisif@utu.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202210-0036.

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. dags. 28. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag vegna uppbyggingar á jörðinni Galdramýri í Flóahreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og gerir ekki athugasemdir við væntanlega uppbyggingu enda svæðið sem um ræðir nálægt þjóðvegi og annari byggð og að einhverju leyti raskað. Hins vegar ber að vekja athygli á því að norðurhluti jarðarinnar nær inn á Miklavatnsmýri sem er enn mikið ósnortin og þar er fjölbreytt gróðurfar, votlendi, graslendi og mólendi, sem og mikill fjöldi lítilla tjarna, sem skapa fjölbreytt búsvæði fugla. Náttúrufræðistofnun telur að Miklavatnsmýri hafi hátt verndargildi og sé eitt af mikilvægari lítt röskuðu svæðunum á Suðurlandsundirlendinu sem allt er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Mýrin er að stærstum hluta hverfisvernduð sem er jákvætt og æskilegt að tryggja verndun svæðisins til framtíðar m.a. með því að stíga varlega til jarðar varðandi uppbyggingu í jaðri þess. Því er ástæða til að tryggja að og fylgjast með að tilvonandi uppbygging á jörðinni ógni ekki Miklavatnsmýri og lífríki hennar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Ellisif Malmo Bjarnadóttir" <ellisif@utu.is>
To: "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "ba@babubabu.is" <ba@babubabu.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Ósk eftir umsögnum, Galdramýri L223808, deiliskipulag - 2208076
Date: 28.10.2022 15:05:34

Góðan dag

Óskum hér með eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingar fyrir Hólakot, landbúnaðarsvæði í frístundasvæði.

Auglýst tillaga frá 27. október 2022 til 9. des.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,
Ellisif Bjarnadóttir
Ritari skipulagsfulltrúa


Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: ellisif@utu.is (<mailto:ellisif@utu.is>)

Vefsíða: www.utu.is (<http://www.sbf.is/>)

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í pósthólfinu þínu á [island.is](http://www.island.is/) (<http://www.island.is/>) (mínar síður)